

Öldungaráð

Ár 2019, mánudagur 1. apríl var haldinn 36. fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:08. Fundinn sátu Guðrún Ögmundsdóttir, Björn Gíslason, Rannveig Ernudóttir, Sveinbjörn Björnsson, Eva Kristín Hreinsdóttir, Ellert B. Schram, Gísli Jafetsson, Bryndís Hagan og Anna Kristinsdóttir og Elísabet Pétursdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

- Kl. 10:18 tekur Álfhildur Hallgrímsdóttir sæti á fundinum.

2. Fram fer kynning á starfsemi Samtaka aldraðra.

- Kl. 10:56 viku Anna Kristinsdóttir af fundinum.

Sveinbjörn Björnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf frá velferðarsviði, dags. 22. mars 2019, vegna umsagnar um aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum eldri borgara.

Öldungaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Öldungaráð lýsir yfir ánægju sinni með aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum aldraðra. Öldungaráð leggur einnig áherslu á og væntir þess að fjármagn vegna aðgerðanna verði tryggt í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

4. Lagt fram bréf dags. 26. mars 2019, vegna tilnefningar í starfshóp um aldraða og ofbeldi. Samþykkt að Guðrún Ögmundsdóttir formaður öldungaráðs taki sæti í starfshópnum fyrir hönd öldungaráðs.

5. Fram fer umræða um heimsókn öldungaráðs Kópavogs til öldungaráðs Reykjavíkur, í ráðhúsi Reykjavíkur þann 4. apríl n.k.

Fundi slitið kl. 11:38

Guðrún Ögmundsdóttir

Rannveig Ernudóttir
Eva Kristín Hreinsdóttir
Ellert B. Schram
Bryndís Hagan

Björn Gíslason
Álfhildur Hallgrímsdóttir
Gísli Jafetsson